

## GJALDSKRÁ

**fyrir búfjárefirlit í Bláskógabyggð.**

1. gr.

Gjald skal taka sérstaklega komi til haustskoðunar við búfjárefirlit, sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. og skal miðað við að það sé heildargjald. Gjald fyrir hverja skoðun er kr. 6.800 með virðisaukaskatti. Innifalin er vinna og akstur.

2. gr.

Eftirlitsgjald, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal vera kr. 6.800 með virðisaukaskatti fyrir hverja heimsókn. Innifalin er vinna og akstur.

3. gr.

Komi til þess að grípa þurfi til handsömunar, fóðrunar og hýsingar búfjár, sbr. ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002, skal búfjáreigandi greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins við handsömun, fóðrun og/eða hýsingu í hvert sinn.

4. gr.

Þurfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum, sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins í hverju úrskurðarmáli.

5. gr.

Gjald samkvæmt 1. og 2. gr. þessarar gjaldskrár uppfærast til samræmis við breytingu á vísitölu neysluverðs án húsnæðis miðað við 1. nóvember hvert ár.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 22. nóvember 2012.*

F. h. r.

**Kristinn Hugason.**

Baldur P. Erlingsson.